

Ferðafélag Akureyrar

Strandgata 23

600 Akureyri

26. október 2019.

Stjórn Akureyrarstofu
b.t. Hildu Jönu Gísladóttur
Rósenborg
Skólastígur 2
600 Akureyri

Málefni: Umsókn um styrk til að lagfæra göngustíg upp á Súlur við Akureyri.

Forsagan:

Súlur eru bæjarfjall Akureyrar og þangað upp ganga margir sér til hressingar og heilsubótar, enda er mikið og fagurt útsýni af Súlum. Ferðafélag Akureyrar (FFA) stikaði leið frá Heimari-Hlífá í mynni Glerárdals upp á Ytri-Súlu árið 1991. Sú leið (Súlugatan) er nú mjög fjölfarin. Umhverfissvið Akureyrarbæjar setti upp umferðarteljara við upphaf Súlugötunnar sumarið 2018. Frá 1. jan. 2019 til 3. okt. 2019 fóru alls 4.035 manns fram hjá teljaranum (þá er reiknað með að einn og sami einstaklingur fari fram og til baka framhjá teljaranum). Umferðin er lang mest yfir sumarmánuðina júní til september. Þannig fóru 181 um Súlugötuna laugard. 3. ágúst 2019 en þann dag var frábært veður.

Í vörðunni á Ytri-Súlu er gestabók. Frá 14. júlí 2018 til 20. júlí 2019 skrifuðu alls 1.446 manns nöfn sín í gestabókina, þar af voru um 45% útlendingar. Það er því orðin viðurkennd afpreying á Akureyrarsvæðinu að ganga upp á Súlur.

Mýrabrýr – verndun umhverfisins:

Súlugatan liggur víða um votlendi á leið upp í Súlurnar. Þar myndast sums staðar ljót spor þegar gatan veðst upp, einkum í rigningartíð á sumrin. Ferðafélag Akureyrar hefur frá og með 2015 sett mýrabrýr á nokkra verstu bleytukaflana, bæði á Súlugötunni og eins á götunni fram Glerárdal í skálann Lamba (Lambagötunni). Brýr þessar eru gerðar að bandarískri fyrirmynnd og eru mjög einfaldar í sniðum. Sjá meðfylgjandi myndir. Í stuttu máli, þá eru undirstöður úr fúavörðu efni festar niður á yfirborð mýranna með kambstálsbútum. Síðan eru tveir samsíða plankar skrúfaðir niður á undirstöðurnar sem liggja með 2ja metra millibili yfir mýrasundið. Efnið er flutt að vetri á snjósleðum á brúarstæðin og þá er fljóttlegt að setja brýrnar upp þegar komið er fram á sumar. Þessar brýr liggja svo lágt yfir yfirborð mýranna að þær brotna ekki niður undan snjóbunga á veturna. Þannig hefur engin þeirra 14 mýrabrúa sem FFA hefur sett á Súlugötuna og Lambagötuna síðan 2015 haggast eða skemmti hið minnsta fram til þessa.

Það sýnir sig að þegar mýrabrýr eru komnar yfir verstu keldurnar þá hættir leiðin að vaðast upp. Fólk fer yfir brýrnar og gamlar slóðir yfir bleyturnar hverfa á fáum árum. Þannig vernda mýrabrýrnar gönguleiðina. Meðfylgjandi mynd af uppsettingu mýrabrúar á Súlugötuna sumarið 2016 (mynd 1) sýnir ljótar slóðir yfir mýrasundið. Nú, þremur árum síðar, eru þessar slóðir að fullu uppgrónar og horfnar.

Nýjar mýrabrýr 2020:

Ferðafélag Akureyrar stefnir að því að setja þjárlýjan nýjar mýrabrýr á Súlugötuna sumarið 2020. Búið er að mæla fyrir brúnum og verða þær samtals 54,6 m á lengd. Áætlaður efniskostnaður

vegna þessara þriggja brúa er kr. 216.885,-. Inni í þeirri upphæð eru undirstöður úr timbri, brúargólf úr timburplónkum, kambstál, skrúfur og olía til að fúaverja timbrið. Ferðafélag Akureyrar hefur nú þegar mælt fyrir brúnum og staðsett þær með GPS-tækni. FFA mun sjá um forvinnslu efnisins og flutning þess á snjósleðum á brúarstæðin á Súlugötunni. Þá mun FFA sjá um uppsetningu brúnna sumarið 2020.

Umsókn um styrk:

Ferðafélag Akureyrar sækir hér með um styrk til Akureyrarstofu að upphæð kr. 200.000,- vegna ofangreindra mýrabrúa. Sú upphæð mundi duga að mestu fyrir efniskostnaði.

Með vinsemdu og virðingu og von um jákvæðar undirtektir.

F.h. Ferðafélags Akureyrar,



Ingvar Teitsson

formaður Gönguleiðanefndar FFA

sími: 860 0482

netfang: ingvar@sak.is



Mynd 1: Uppsetning 40 m langrar mýrabrúar á Súlugötuna sumarið 2016. Slóðirnar sem sjást til hliðar við brúna eru nú upprónar og horfnar.



Mynd 2: Uppsetning mýrabrúar á Lambagötuna í maí 2019. Brúin er 24 m á lengd.